

**Ed.**

**762. Frumvarp til laga**

**[8. mál]**

um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. maí.)

Samhljóða þskj. 8 með þessari breytingu:

1. gr. hljóðar svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki sérstakan kostnaðarhlut útgerðar er nemi 29% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Þessi sérstaki kostnaðarhlutur kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna. Þó skulu 4% af þessum kostnaðarhlut koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmllestir eða minni, en 25% ekki.

Frá og með 1. febr. 1984 skulu þó 2% af þeim 29%, sem um getur í 1. mgr., koma til hlutaskipta og aflaverðlauna til skipverja á fiskiskipum, sem eru yfir 240 brúttórúmllestir, en 27% ekki, og 6% skulu koma til hlutaskipta og aflaverðlauna, til skipverja á fiskiskipum, sem eru 240 brúttórúmllestir og minni, en 23% ekki.